

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 29.8.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Óskar Emilsson (ÓE), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ), Jón Valgeirsson (JV)

## 2. Dagskrá

---

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

## 3. Umræður

---

- Farið var yfir framgang við áfanga 1A og áfanga 2. Áfanga 1A er að fullu lokið, blæstri er lokið við áfanga 2, mælingar hefjast fimmtudag eða föstudga og jarðvinna er hafin við áfanga 1B. Ákveðið var að tengja allan áfanga 1B um leiðina um Langholtskot. Breytingar á hönnun við Unnarholtskot, allar heimtaugar koma í brunn við veg.
- Breytinga á uppröðun áfanga borin upp af verktaka og samþykkt af verkkaupa.
- Fyrirhuguð lagning á rafstreng að Tungufelli rædd. GD falið að óska eftir upplýsingum frá RARIK vegna málsins og óska eftir þátttöku í verkinu ef lagnaleið hentar.
- Úthlutun á styrkjum vegna Ísland Ljóstengt 2019 rætt. GD falið að afla upplýsinga um hvenær vænta má að ferlið hefjist.
- Tengingar frá notendum fjölgar stöðugt í þeim áföngum sem lokið er. GD og ÓE sameinast um að tengja notendur til að byrja með.
- Áhugi sumarhúsa ræddur. GD falið að fylgja málinu eftir á þeim svæðum sem sýnt hafa verkefninu áhuga.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- GD hefur samband við RARIK
- GD athugar hjá Fjarskiptasjóði um úthlutun 2019
- GD fylgir eftir áhuga sumarhúsa og reiknar út ætlaðan kostnað.